

378. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 8. febrúar 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Rúnar Böðvarsson í fjarveru JBJ
 Michael Gluszuk
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Fríða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:


- 1) **Málefni Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**
 Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari, mætti á fundinn og var hún boðin velkomin. Fór hún yfir starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga undanfarin ár. Töluverð umræða fór fram um starfseminu og mikilvægi þess að skólinn sé sterkur í samfélaginu. Vék Hrafnhildur nú af fundi og var þökkuð koman.
- 2) **Fundargerð 346. fundar bæjarráðs, dags. 30. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 179. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 102. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 29. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) **Fundargerð 4. fundar stýrihóps um Heilsuefndi samfélag, dags. 22. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 25. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7) **Fundargerð 1. fundar um kynningar- og upplýsingarmál, dags. 15. janúar 2024.**
 Lögð fram til kynningar.
- 8) **Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 16. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 9) **Fundargerð velferðarnefndar, dags. 21. janúar 2024.**
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 10) **Fundargerð 941. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. janúar 2024.**
 Lagt fram til kynningar.
- 11) **Fundargerð 460. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 15. janúar 2024.**
 Lagt fram til kynningar.
- 12) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 10. janúar 2024, varðandi boðun á XXXIX. landsþing sambandsins.**
 Lagt fram til kynningar.

BHH
 M
 MS
 JB
 JB
 JB

- 13) **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 30. janúar 2024, varðandi auglýsingu eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins.**
Lagt fram til kynningar.
- 14) **Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 1. nóvember 2022, varðandi tilnefningu í vatnasvæðanefnd.**
Bæjarstjóri fór yfir málið. Bæjarstjórn vísar því til SSV að fulltrúi verði tilnefndur í nefndina. Erindinu var svarað á sínum tíma, og enn er búið að senda erindi til afgreiðslu til SSV vegna þess.
- 15) **Bréf frá velferðarnefnd, dags. 26. janúar 2024, varðandi breytingar á erindisbréfi nefndarinnar.**
Bæjarstjórn þakkar bréfið og samþykkti samhljóða að vísa þessu til næstu breytinga á bæjarmála-samþykkt Snæfellsbæjar.
- 16) **Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 5. febrúar 2024, varðandi bréf Umhverfisstofnunar um framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár, ásamt bréfi eigenda jarðarinnar Mels í Snæfellsbæ, dags. 1. febrúar 2024, og bréfi landeigenda jarða á svæðinu sem um ræðir ásamt undirskriftalista og ósk um afstöðu bæjarstjórnar Snæfellsbæjar til erindis Umhverfisstofnunar.**
Bæjarstjórn telur edlilegt að ekki verði farið í neina vinnu um framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár eða neinar ákvarðanir teknar nema fyrir liggi samráð og samþykki allra landeiganda á því svæði sem um ræðir.
- 17) **Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 24. janúar 2024, varðandi samstarfsyfirlýsingu um samráð gegn heimilisofbeldi á Vesturlandi.**
Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vera með í þessari yfirlýsingu og fól bæjarstjóra að undirrita samkomulag þar um.
- 18) **Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 15. janúar 2024, varðandi óverulega breytingu deiliskipulags á hafnarsvæði í Rífi.**
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða.
- 19) **Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 5. febrúar 2024, varðandi reglur um takmörkun útgáfu rekstrarleyfa í íbúðarbyggð.**
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að funda með umhverfis- og skipulagsnefnd og tæknideild Snæfellsbæjar um þessi mál.
- 20) **Húsnæðisáætlun Snæfellsbæjar 2024.**
Bæjarstjórn samþykkti húsnæðisáætlunina samhljóða.
- 21) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit 2023.
 - Bæjarstjóri ræddi viðauka við ráðningarsamning hafnarstjóra. Bæjarstjórn samþykkti viðaukann samhljóða.
 - Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.
 - Bæjarstjóri sagði frá því að vel hefði tekist til þegar húsnæði eldri borgara var opnað í síðustu viku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:52


Björn H Hilmarsson



Jónína Björg Óttarsdóttir


Michael Gluszek






Auður Kjartansdóttir



Margrét Sif Sævarsdóttir



Eiríkur Rúnar Böðvarsson



Friða Sveinsdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari